

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð lectors Helga Hálfðánarsonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá
fyrir Minningarsjóð lectors Helga Hálfðánarsonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum, sem við árslokin 1896 námu 540 – fimm hundruð og fjörtíu – krónum.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, og skal árlega leggja $1/4$ – einn fjórða – hluta vaxtanna við höfuðstólinn.

3. gr.

Hinir föstu kennarar prestaskólans hafa á hendi stjórn sjóðsins, og skal reikningur sjóðsins árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

4. gr.

Þrem fjórðu hlutum vaxtanna má árlega verja til að kaupa guðfræðisbækur fyrir til verðlauna handa einum eða fleirum af lærisveinum prestaskólans, sem stjórn sjóðsins álítur þess maklega.

Reykjavík 17. dag febrúarmánaðar 1897.

Þórhallur Bjarnarson.

Jón Helgason.

Eiríkur Briem.